


Ragna Róbertsdóttir. Fædd árið 1945. Nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. 1963–67 og 1968–70; Konstfack í Stokkhólmi 1970–71. Tekið þátt í fjölda samsýninga víða um lönd, m.a. Scandinavia Today í Bandaríkjunum og Japan og Norræna textílpriæringnum 1976 '79 og '82. Auk þess tekið þátt í samkeppni og/eða sýningum í eftirtöldum löndum: Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Færeyjum, Sviss, Ungverjalandi og Póllandi. Fyrstu einkasýninguna hélt Ragna árið 1986 í Nýlistasafninu, aðra í Gallerí Ganginum 1987 og í Gallerí Glugganum á Akureyri og Gallerí Birgis Andrésenar á þessu ári. Ragna var á síðasta ári valin Borgarlistamaður 1987.



# Efnið mótar verkið ekki síður en hugmyndirnar

**H**ún tekur á móti mér, látlaus í fasi og brosmild, og vísar mér inn á vinnustofuna sína. Á grágljáandi gólfinu eru nýjustu verk hennar, skúlptúrar úr torfi og grjóti. Veggirnir eru hvítir og ómúraðir svo lesa má sögu

## Samtal við Rögnu Róbertsdóttur, borgarlistamann

Það er útsala í Faco á Laugavegi. Ég skoða sumarfötin sem komust í tísku fyrir fáeinum mánuðum; nú ríður á að rýma hillurnar fyrir haust- og vetrarfötin. Svona er lífið miskunnarlaust og krafan um nýjungar hávær, hugsa ég. Geng upp á næstu hæð, klöngrast yfir stafla af fötum, heilsa stjörfum gínum og kalla eins og fyrir mig var lagt: Ragna!

mótatimburs á þeim; tveir stórir gluggar í norður og yfir marglitum húsaþökunum lónir Esjan.

Ragna Róbertsdóttir var valin Borgarlistamaður 1987. Í því felst að hún fær greidd laun í eitt ár frá borginni, án nokkurra kvaða. Nú er árið liðið og um helgina verður opnuð sýning á verkum Rögnu á Kjarvalsstöðum; sýning sem hún byrjaði raunar að undirbúa fyrir tveimur árum.

Við setjumst við vinnuborðið hennar og ég spyr fyrst hvaða þýðingu það hafi að fá starfslaun borgarinnar.

„Starfslaunin gerðu mér kleift að einbeita mér algerlega að undirbúningi þessarar sýningar,“ segir hún. „Ég gat líka lagt út fyrir öllu efni sem til þurfti en það hefði ég varla getað að öðrum kosti. Þetta er búið að vera ansi dýrt.“

— Fannst þér þetta mikil upphefð, að vera valin borgarlistamaður?

„Nei,“ segir hún hugsí, „þannig hef ég nú ekki litið á málið. Mér finnst fyrst og fremst að ég hafi verið heppin, því margir listamenn sóttu um. Í umsókn minni lagði ég mig fram við að útskýra hvað ég ætlaði að gera ef ég fengi styrkinn. Það hafði sjálf-sagt sitt að segja.“

— Hvernig atvikadist það að þú fórst að vinna með torf í verkum þínum. Er það ekki alveg nýtt í íslenskrum myndlist?

„Jú, á þennan hátt, Tryggvi Hansen hef-

ur þó notað torfið í skúlptúra á allt annan hátt. Áhuginn kviknaði hjá mér þegar ég fór á torfhleðslunámskeið hjá honum. Ég var lengi, lengi að velja fyrir mér hvernig ég gæti notað það. Fólk finnst þetta almennt fráleit hugmynd, það var sannfært um að verkin myndu molna niður á skömmum tíma,“ segir Ragna og hlær. „Steinninn sem ég nota kemur hins vegar í beinu framhaldi af norskum steinflögum sem ég notaði áður, þegar ég skapaði skúlptúra einkum úr reiði og steinflögum. Mig langaði að vinna verkin mín eingöngu úr íslensku efni og leitaði ýmissa leiða: Ég gerði tilraunir með að steypa steinana sjálf en gafst upp á því, þar sem ég fékk ekki áferðina sem ég var á höttunum eftir. Að endingu leitaði ég fyrir mér hjá Steinsmiðjunni og þar lét ég vinna fyrir mig grágrýtissteina í ákveðinni stærð og með sérstaka áferð.“

— Mig langar að biðja þig að lýsa því hvernig verk verður til hjá þér, frá því hugmyndin kviknar þar til skúlptúrin er fullgerður.

„Aðdragandinn er oft langur, frá því ég fæ fyrstu hugmyndina þar til ég hefst handa. Ég ákveð hvaða efni ég ætla að nota og fer að forma hugmyndirnar. Ég teikna eiginlega aldrei það sem ég ætla að gera, heldur læt verkin mótast smám saman í hugarum. Ég legg mikla áherslu á að formið verði að lokum einfalt og tært.“

Eins og ég sagði læt ég vinna steininn fyrir mig, en torfið fæ ég hins vegar í haugum, gegnsósa af bleytu. Ég fékk gamalt fjós til afnota uppi í Mosfellssveit og þar þurrka ég torfið, í sumar notaði ég líka portið hérna á bak við,“ segir Ragna og bendir út um gluggann, niður á sólbakað malarportið. „Ég var eins og bóndi, lagði

torfið til þerris í þurrki og var sífellt á verði ef þykknaði í lofti. Fólk hefur áreiðanlega haldið að ég væri stórskrítin: sífellt að hlaupa til og snúa torfþökum!“ Hún hlær innilega. Heldur áfram að rekja þróunarferil verka sinna. „Þegar torfið er orðið alveg þurrt tek ég til við að sníða. Ég er með snið sem ég legg á torfmotturnar og sker eftir; já, ég nota bara venjulegan sniðahnif. Og þetta er raunar rétt eins og að sníða flík — bara miklu sóðalegra og líkamlega erfiðara. Mér finnst áreynslan góð og hressandi, því lengst af er ég aðallega að hugsa og þæla og það getur verið þreytandi ekkert síður en líkamlega vinnan.“

Þegar allt er tilbúið, fer ég að raða saman torfinu og steinunum samkvæmt hugmyndum mínum. Eins og ég sagði geri ég lítið af því að búa til teikningar til að fara eftir, þannig að ég verð að þreifa mig áfram með verkin.“

— Og eftir þennan langa vinnslutíma er eitthvað orðið til sem þú ert ánægð með ...

„Já, en verkin verða líka að falla að umhverfinu. Sýninguna á Kjarvalsstöðum vann ég út frá salnum þar. Ég kem ekki bara með verkin mín og set þau upp, heldur reyni ég að skapa heild — verkin eru ekki endanlega til fyrr en ég er búin að setja sýninguna upp.“

— Hvað er það í sköpun verka þinna sem veitir þér mesta gleði?

„Mér finnst eiginlega allt mjög skemmtilegt og gefandi,“ segir Ragna og þarf greinilega ekki að hugsa sig mikið um. „Hin langa forvinna að verkunum mínum er ekkert síður skemmtileg en sköpunin sjálf. En auðvitað er ánægjulegast þegar upphaflega hugmyndin fer að lifna við í efni. Og raunar er það svo að sjálft efnið mótar verk mín jafn mikið og þær hugmyndir sem ég hef.“

— Þú yrkir núna í torf og grjót. En þú byrjaðir sem hreinræktaður textillistamaður, ekki satt?

„Jú, ég byrjaði á því að vefa teppi, á svona uppistandandi stól eða grind. Þau voru reyndar ekkert hefðbundin í þá daga, frekar gróf og upphleypt. Ég lagði megináherslu á að hafa formið einfalt, alveg eins og ég geri nú þegar ég vinn með torf og grjót. Ég byrjaði fljótlega að búa til smáskúlptúra og upp úr 1980 vann ég eingöngu í þrívídd.“

— Hvernig skilgreinir þú þig sem listamann, það er varla hægt að segja að þú sért textillistamaður? segi ég og bendi á torfhleðslu út við annan gluggann.

„Nei,“ segir hún og hlær, „það er varla hægt lengur, rétt er það. Mér finnst það bara skipta svo litlu máli, að ég er ekkert að skilgreina sjálfa mig. Ég gæti alveg farið að vinna aftur með einhver mjúk efni sem með góðu móti er hægt að flokka undir

